Laxárbakki gistiheimilli	Bygging úr timbri 778 m ² á 1 hæð. Byggingarár 2008. Aðstaða fyrir 18 manns á gistiheimilli og gisting í stúdío íbúðum fyrir 36 manns. Brunaviðvörunarkerfi, hólfanir og flóttaleiðir góðar. Æfa þarf viðbragðsáætlanir reglulega. Viðbragðstími slökkviliðs mikill sökum fjarlægðar. Tryggja þarf aukinn mannskap vegna mögulegra flutninga á fólki.
Laxá veiðihús	Bygging úr timbri á 1 hæð. Byggingarár 2007, gistiherbergi 8 eða 456 m ² . Brunaviðvörunarkerfi, hólfanir og flóttaleiðir góðar. Viðbragðstími slökkviliðs mikill sökum fjarlægðar. Æfa þarf viðbragðsáætlanir reglulega.
Hvalfjarðargöng	Viðbragðsáætlun verður endurskoðuð á gildistíma brunavarnaáætlunar. Æfa þarf viðbragðsáætlanir reglulega. Tryggja þarf aukinn mannskap vegna mögulegra flutninga á fólki. Slökkviliðið mun ekki ráða við mögulega vá sem upp kemur á svæðinu. Einnig þarf að skoða og meta hvort bæta þurfi við sérhæfðum búnaði til að ráða við elda í jarðgöngum.
Þjóðvegir	Æfa þarf viðbragðsáætlanir reglulega. Tryggja þarf aukinn mannskap vegna mögulegra flutninga á fólki.
Norðurál	Byggingar steinsteyptar eða stálgrindarhús. Byggingarár 1998 og almennt á tveimur til þremur hæðum auk kjallara. Brunaviðvörunarkerfi, hólfanir og flóttaleiðir góðar. Æfa þarf viðbragðsáætlanir reglulega. Viðbragðstími slökkviliðs mikill sökum fjarlægðar. Tryggja þarf aukinn mannskap vegna mögulegra flutninga á fólki. Einnig þarf að skoða og meta hvort bæta þurfi við búnaði til að ráða við áhættuna.



Brunavarnaráætlun slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar

	Tryggja skal betur allan umbúnað um eiturefni og hættuleg efni. Gerðar eru kröfur af hálfu slökkviliðs um auknar brunavarnir í formi viðbragðeininga og búnaðar.
Elkem	Byggingar steinsteyptar eða stálgrindarhús. Byggingarár 1976 og almennt á tveimur til fjórum hæðum auk kjallara. Brunaviðvörðunarkerfi, hólfanir og flóttaleiðir góðar. Æfa þarf viðbragðsáætlanir reglulega. Viðbragðstími slökkviliðs mikill sökum fjarlægðar. Tryggja þarf aukin mannskap vegna mögulegra flutninga á fólki. Einnig þarf að skoða og meta hvort bæta þurfi við búnaði til að ráða við áhættuna. Tryggja skal betur allan umbúnað um eiturefni og hættuleg efni. Gerðar eru kröfur af hálfu slökkviliðs um auknar brunavarnir í formi viðbragðeininga og búnaðar.
Grundartangahöfn	Bryggjussvæði - löndun og útskipun stærri skipa. Æfa þarf viðbragðsáætlanir reglulega. Einnig þarf að skoða og meta hvort bæta þurfi við búnaði til að ráða við áhættuna.
GTT tækni vélsmiðja	Bygging stálgrindarhús 1.753,2 m ² á tveimur hæðum. Byggingarár 2006. Brunaviðvörðunarkerfi, hólfanir og flóttaleiðir góðar. Æfa þarf viðbragðsáætlanir reglulega. Viðbragðstími slökkviliðs mikill sökum fjarlægðar.
Meitill vélsmiðja	Bygging stálgrindarhús 1.753,2 m ² á tveimur hæðum. Byggingarár 2006. Brunaviðvörðunarkerfi, hólfanir og flóttaleiðir góðar. Æfa þarf viðbragðsáætlanir reglulega. Viðbragðstími slökkviliðs mikill sökum fjarlægðar.
Snókur flutningafyrirtæki	Bygging stálgrindarhús 371,2 m ² á tveimur hæðum. Brunaviðvörðunarkerfi, hólfanir og flóttaleiðir góðar. Æfa þarf viðbragðsáætlanir reglulega. Viðbragðstími slökkviliðs mikill sökum fjarlægðar.
Klafi flutningafyrirtæki	Bygging stálgrindarhús 1.120,4 m ² á tveimur hæðum. Brunaviðvörðunarkerfi, hólfanir og flóttaleiðir góðar. Æfa þarf viðbragðsáætlanir reglulega. Viðbragðstími slökkviliðs mikill sökum fjarlægðar.
Stálsmiðjan	Bygging stálgrindarhús 1.192,9 m ² á tveimur hæðum. Brunaviðvörðunarkerfi, hólfanir og flóttaleiðir góðar. Æfa þarf viðbragðsáætlanir reglulega. Viðbragðstími slökkviliðs mikill sökum fjarlægðar.



Brunavarnaráætlun slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar

Alur álendurvinnsla	Bygging stálgrindarhús 2.504,9 m ² á tveimur hæðum. Brunaviðvörðunarkerfi, hólfanir, reyklosun og flóttaleiðir góðar. Æfa þarf viðbragðsáætlanir reglulega. Viðbragðstími slökkviliðs mikill sökum fjarlægðar.
Lífland fóðursala	Bygging stálgrindarhús 480 m ² á tveimur hæðum. Brunaviðvörðunarkerfi, hólfanir og flóttaleiðir góðar. Æfa þarf viðbragðsáætlanir reglulega. Viðbragðstími slökkviliðs mikill sökum fjarlægðar.
Hamar vélsmiðja	Bygging stálgrindarhús 1.120 m ² á tveimur hæðum. Brunaviðvörðunarkerfi, hólfanir og flóttaleiðir góðar. Æfa þarf viðbragðsáætlanir reglulega. Viðbragðstími slökkviliðs mikill sökum fjarlægðar.
Héðinn vélsmiðja	Bygging stálgrindarhús 584 m ² á einni hæð. Brunaviðvörðunarkerfi, hólfanir og flóttaleiðir góðar. Æfa þarf viðbragðsáætlanir reglulega. Viðbragðstími slökkviliðs mikill sökum fjarlægðar.
Hvalur hf. Miðsandi	Byggingar steinsteyptar 840 m ² á tveimur hæðum. flóttaleiðir ágætar. Æfa þarf viðbragðsáætlanir reglulega. Viðbragðstími slökkviliðs mikill sökum fjarlægðar.
Hvalur hf. starfsmanabúðir Miðsandi	Bygging stálgrindarhús (braggar). Engar teikningar eru til að húsnaðinu. Brunaviðvörðunarkerfi, og flóttaleiðir ágætar. Æfa þarf viðbragðsáætlanir reglulega. Viðbragðstími slökkviliðs mikill sökum fjarlægðar.
Olíuhöfn Litlasandi	Bygging steinsteyptar og stálgrindarhús, olíutankar niðurgöfnir. Brunaviðvörðunarkerfi, myndavélakerfi, hólfanir og flóttaleiðir góðar. Æfa þarf viðbragðsáætlanir reglulega. Viðbragðstími slökkviliðs mikill sökum fjarlægðar. Slökkviliðið mun mögulega ekki ráða við vá sem upp kemur á svæðinu. Einnig þarf að skoða og meta hvort bæta þurfi við búnaði til að ráða við áhættuna. Gerðar eru kröfur af hálfu slökkviliðs um auknar brunavarnir í formi viðbragðeininga og búnaðar.
Olíuhöfn Miðsandi	Byggingar steinsteyptar og stálgrindarhús, olíutankar niðurgöfnir. Brunaviðvörðunarkerfi, myndavélakerfi, hólfanir og flóttaleiðir góðar. Æfa þarf viðbragðsáætlanir reglulega. Viðbragðstími slökkviliðs mikill sökum fjarlægðar. Slökkviliðið mun mögulega ekki ráða við vá sem upp kemur



Brunavarnaráætlun slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar

	á svæðinu. Einnig þarf að skoða og meta hvort bæta þurfi við búnaði til að ráða við áhættuna. Gerðar eru kröfur af hálfu slökkviliðs um auknar brunavarnir í formi viðbragðseiningar og búnaðar.
Olíubirgðarstöð Miðsandi	Byggingar steinsteyptar og stálgrindarhús, olíutankar niðurgrafir. Brunaviðvörðunarkerfi, myndavélakerfi, hólfanir og flóttaleiðir góðar. Æfa þarf viðbragðsáætlanir reglulega. Viðbragðstími slökkviliðs mikill sökum fjarlægðar. Slökkviliðið mun mögulega ekki ráða við vá sem upp kemur á svæðinu. Einnig þarf að skoða og meta hvort bæta þurfi við búnaði til að ráða við áhættuna. Gerðar eru kröfur af hálfu slökkviliðs um auknar brunavarnir í formi viðbragðseininga og búnaðar auk 4.000 l af froðu sem skal vera á staðnum.

Mat á búnaði:

Dælugeta dælubifreiða SAH er eftirfarandi:

31-131 Ford 450 (one seven) dælugeta 600 l/mín

31-132 Volvo FM12 (one seven) dælugeta 3000 l/mín

31-133 Ford E900 dælugeta 3000 l/mín

31-151 Man tankbíll (10.000 l) dælugeta 3000 l/mín

Samtals 9600 l/mín.

Auk þess hefur slökkviliðið yfir að ráða fjórum lausum dælum sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti með samanlagða dælugetu upp á 5.000 l/mín. Heildardælugeta slökkviliðs er því í allt 14.600 l/mín.

Fjöldi slökkviliðsmanna er miðaður við 30 manns, þar af eru tveir í 100% starfshlutfalli þ.e.a.s. slökkviliðsstjóri og eldvarnareftirlitsmaður. Varaslökkviliðsstjóri er í 15,84% starfshlutfalli.

Stæstu áhættunnar sem falla í áhættuhóp 4 á svæði slökkviliðsins eru stóriðjur og fjölmennar sumarbúðir barna. Eitt mannvirki fellur í áhættuflokk 5 sem er Hvalfjarðargöng og fellur þá utan mögulegrar getu slökkviliðs. Mikilvægt er að huga að sérhæfðri bifreið og búnaðar sem þarf til að geta unnið við slökkvistarf í jarðgöngum.

Samkvæmt forsendum í áhættumat ræður slökkviliðið við byggingar sem falla í áhættumat 4 með 25 mönnum og dælugetu upp á 13.800 l/mín. Ef aðeins helmingur slökkviliðsmanna mætir eða ca. 15 þá lækkar stig áhættumats sem slökkviliðið ræður við niður í áhættustig 2.



1.3 Mengunar og slökkviáætlanir

Mengunarvarna- og slökkviáætlanir eru til fyrir:

1. Hvalfjarðargöng
2. Norðurál
3. Elkem
4. Faxaflóahafnir
5. Sjúkrahús Akraness
6. Hjúkrunar- og dvalarheimilið Höfða
7. Sumarbúðir Vatnaskógi
8. Sumarbúðir Ölver
9. Olíubirgðarstöð Hvalfirði

Áætlanirnar eru vistaðar rafrænt í hugbúnaðarkerfi slökkviliðsins.

2 Þjónustustig

2.1 Lögbundin verkefni

Þjónustu slökkviliða er skipt upp í fimm megin þjónustuflokka:

1. Vatnsöflun.
2. Slökkvistarfar utanhúss og reykköfun.
3. Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum, eiturefnaköfun.
4. Björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum.
5. Eldvarnareftirlit og forvarnir.

Slökkviliðið sinnir öllum þjónustuflokkunum.

Sjö slökkviliðsmenn hafa lokið grunnnámi Brunamálaskólans fyrir slökkviliðsmenn sem gerir þá hæfa til slökkvistarfa utanhúss, til að annast vatnsöflun, reyklosun, dælingu og reykköfunar. Tuttugu hafa lokið námskeiði 3 sem gerir þá hæfa til að sinna björgun fólks með klippum, glennum og öðrum búnaði m.a. úr bílflökum og sömu tuttugu hafa lokið námskeiði 4 sem gerir þá hæfa til að beita réttum vinnubrögðum við mengunar- og eiturefnaslysum. Engir slökkviliðsmenn eru í grunnnámi Brunamálaskólans þetta árið en samkvæmt menntunaráætlun fara 2 í menntun til þjálfunarstjóra 1 og 2 fara í menntun til stjórnunar, 4 nýir hefja grunnám á gildistíma brunavarnaáætlunar.

Vatnsöflun og slökkvistarfar utanhúss.

SAH sinnir slökkvistarfi utanhúss. Allir slökkviliðsmenn hafa menntun frá Brunamálaskólanum í vatnsöflun og slökkvistarfi utanhúss. Allir fá reglulega þjálfun í vatnsöflun og slökkvistarfi utanhúss. Þjálfun skal vera í samræmi við 19. gr. laga nr. 75/2000. Þ.e. 20 klukkustundir að lágmarki á ári.



Brunavarnaráætlun slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar

Slökkvistarf innanhúss og reykköfun.

SAH sinnir slökkvistarfi innanhúss og reykköfun. 27 slökkviliðsmenn hafa menntun frá Brunamálaskólanum til að sinna reykköfun en 14 slökkviliðsmenn hafa löggildingu frá HMS til að stunda reykköfun fyrir árið 2022. Þjálfun þeirra skal vera í samræmi við 19 gr. laga nr. 75/2000, það er að lágmarki 25 klst. á ári ásamt því að uppfylla skilyrði reglugerðar um reykköfun og reykköfunarbúnað nr. 1088 13. nóvember 2013.

Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum og eiturefnaköfun.

Slökkviliðið sinnir útköllum tengdum mengunar- og efnaslysum og hafa nú þegar tuttugu slökkviliðsmenn menntun frá Brunamálaskólanum til að bregðast við slíkum slysum. SAH á kerru með grunn mengunarvarnabúnaði ásamt því að eiga sameiginlega kerru með Slökkviliði Borgarbyggðar og er sú kerra í Borgarnesi. Búnaðurinn í kerru sem er á slökkvistöð SAH samanstendur af sjö eiturefnagöllum (sem eru komnir yfir notkunartíma samkvæmt framleiðanda), skoltjaldi ásamt uppsogsbúnaði og öðrum grunnbúnaði. Búnaðurinn er hugsaður til fyrstu aðgerða til að bregðast við minniháttar óhöppum s.s. olíu- og ammoníaklekum. Samstarf er á milli slökkviliðana á svæðinu en ljóst er að ef umfang mengunar- efnaslyss á svæðinu er umfram getu þessa búnaðar verður kallað eftir frekari aðstoð í gegnum Neyðarlínu/samhæfingarstöð og þá horft til aukins búnaðar og mannafla af höfuðborgarsvæðinu (SHS). Gerður var formlegur samningur við SHS í maí 2021 um aðstoð vegna mengunaróhappa.

Björgun fólks með klippum, glenum og öðrum útbúnaði, m.a. úr bílflökum.

Slökkviliðið sinnir björgun úr fastklemmdri aðstöðu. Slökkviliðið á björgunartæki til björgunar m.a. úr bílflökum. Einnig eru slíkur búnaður hjá nágrennasveitarfélögum og til þeirra leitað sé þörf á því. Samtarfssamningur um gagnkvæma aðstoð í stærrí vó er við slökkviliðin á Vesturlandi og slökkvilið höfuðborgarsvæðisins. Tuttugu menn hafa þegar menntun frá Brunamálaskólanum í þessum fræðum.

Eldvarnareftirlit

Slökkviliðið sinnir eldvarnareftirliti skv. lögum. Þar segir: Eldvarnareftirlit skal vera í samræmi við lög nr. 75/2000 svo og reglugerð um eldvarnaeftirlit sveitarfélaga með atvinnuhúsnæði sem tekið hefur verið í notkun, frá 7. apríl 1994. Slökkviliðsstjóri, varaslökkviliðsstjóri og eldvarnareftirlitsmaður liðsins hafa lokið fullnaðarnámi frá Brunamálaskólanum þ.e. eldvarnaeftirlit I,II,II, ásamt einum slökkviliðsmanni sem hefur lokið námskeiðum I og II í eldvarnareftirliti.

Skoðunarskýrslur koma síðan inn á borð slökkviliðsstjóra SAH sem sér um eftirfylgni.



2.2 Önnur þjónusta

Sjúkraflutningar:

Heilbrigðisstofnun Vesturlands sér um sjúkraflutninga á svæðinu.

Dælingar:

Slökkviliðið sinnir einnig þjónustu við íbúa sveitarfélagsins ef á þarf að halda t.d. hreinsa upp vatn vegna leka, dælingar úr skipum samkvæmt beiðni o.fl.

Slökkvitækjapjónusta:

Eldvörn ehf. á Akranesi rekur slökkvitækjapjónustu og þjónustar fyrirtæki á svæðinu með úttektum og skoðunum.

Öryggisvöktun:

Öryggisvöktun er framkvæmd í undantekningartilfellum vegna tækifærisleyfa vegna skemmtana í húsum sem ekki hafa tilskilin leyfi og vegna ýmissa annarra tilvika samkvæmt beiðni og/eða fyrirskipun slökkviliðsstjóra í samráði við byggingarfulltrúa.

Þjónusta við önnur brunavarnarsvæði:

Í gildi er samstarfssamningur á milli slökkviliða.

Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins

Slökkvilið Stykkishólms

Slökkvilið Grundarfjarðar

Slökkvilið Snæfellsbæjar

Slökkvilið Dalabyggðar

Slökkvilið Reykhólahrepps

Slökkvilið Borgarbyggðar

Slökkvistörf í skipum:

Slökkviliðið sinnir slökkvistarfi í skipum og bátum á hafnarsvæði. Að auki sinnir slökkviliðið viðbragði vegna mengunar á starfssvæði hafnarinnar á landi. Faxaflóahafnir eiga lágmarksbúnað til að bregðast við minni mengunarslysum við hafnirnar en við stærri óhöpp er gámur með fullkomnum búnaði staðsettur hjá SHS í Reykjavík. Unnið skal að samningi vegna viðbragða í mengunarmálum milli Faxaflóahafna og SAH.


Komur skemmtiferðaskipa hafa aukist með árunum. Um borð í skipunum eru fullkomin slökkvikerfi ásamt vel útbúnu viðbragðsteymi til slökkvistarfa. Skipsáhafnir eru með tíðar viðbragðs-æfingar og því geta og þekking þeirra mikil til að bregðast við áhættum um borð. SAH sinnir aðstoð vegna óhappa um borð óski viðkomandi skipstjóri eftir því.



3 Skipulag slökkviliðs

3.1 Skipulag

Skipurit fyrir SAH er samkvæmt mynd 1. Markmið með þessari skipan er að yfirbygging sé takmörkuð, að boðleiðir milli yfir- og undirmanna séu einfaldar og skýrar og að lipurt og gott upplýsingaflæði sé milli allra starfsmanna/íbúa.



Mynd 1

Slökkviliðsstjóri heyrir beint undir sviðstjóra skipulags- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar. Með því fyrirkomulagi er tryggð skjót leið til ákvarðanatöku er varða fjárhagslegar skuldbindingar liðsins. Undir slökkviliðsstjóra er útkallslíð og eldvarnareftirlit sem sér um skoðanir.

Varaslökkviliðsstjóri er staðgengill slökkviliðsstjóra í fjarveru hans.

Slökkviliðsmaður með eldvarnareftirlitsmenntun sér um eldvarnareftirlit og forvarnir.

Miðað er við að tuttugu og átta almennir slökkviliðsmenn heyri undir útkallssvið auk tveggja stjórnenda, samtals þrjátíu manns, sem er lágmarksfjöldi slökkviliðsmanna fyrir slökkviliðið. SAH flokkast undir slökkvilið þar sem íbúar eru yfir 5000 og er því krafan að slökkviliðsmenn séu á vakt á slökkvistöð á dagvinnutíma. Utan þess tíma yrði slökkviliðið mannað af slökkviliðsmönnum í hlutastarfi sem ekki hafa fasta viðveru á slökkvistöð en eru skyldugir til að mæta í útköll eftir föstu



Brunavarnaráætlun slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar

skipulagi (sjá 15.gr reglugerðar 747/2018). Sé ekki sýnt fram á að annað sé nægjanlegt skal miða við eftirfarandi lágmarks fyrirkomulag á rekstri slökkviliðs.

Slökkviliðsstjóri er í 100% stöðu hjá sveitarfélaginu, varaslökkviliðsstjóri er í 15,84% starfi, þar utan er starfsmaður í 100% stöðu í eldvarnareftirliti og forvörnum. Samstarf er á milli lögreglu, björgunarfélags og slökkviliða í nágrenni. SAH er hluti af almannavarnakerfinu og sinnir þar brunavörnum og mengunavörnum. Björgunarfélag Akraness hefur stóran hóp manna sem geta mætt með stuttum fyrirvara, en þar af eru 10 eða 1/3 sem eru einnig í slökkviliðinu.

Slökkviliðsstjóri annast rekstur slökkviliðsins á grundvelli laga og reglugerða. Hann ber ábyrgð á daglegri yfirstjórn en í forföllum hans ber varaslökkviliðsstjóri þá ábyrgð, en skipar aðra staðgengla sína. Skipulagðar bakvaktir yfirmanna eru viku í senn og skipta ofangreindir yfirmenn þeim á milli sín.

Slökkviliðsstjóri:

- stjórnar starfseminni, samræmir og tryggir að öll svið slökkviliðsins vinni sem traust heild að þeim markmiðum sem því eru sett.
- sér um áætlanagerð og fjárhagslegan rekstur slökkviliðsins og að tryggja að heildarstarfsemin sé innan ramma fjárhagsáætlunar.
- Sér um gerð brunavarnaáætlunar
- stuðlar að góðri þjónustu gagnvart almenningi og fylgir eftir þörfum og breytingum samfélagsins.
- sér til þess að starfsemin sé vel kynnt.
- stuðlar að góðu samstarfi við þá aðila sem tengjast starfseminni.
- vinnur að því að búnaður liðsins, færni og menntun starfsmanna sé í samræmi við gildandi þjónustustig.
- stuðlar að jákvæðum og framsæknum starfsanda sem hvetur einstaklinga til þess að ná settum markmiðum.
- fagleg og rekstrarleg ábyrgð slökkviliðs er í höndum slökkviliðsstjóra.

3.2 Forvarnarstarf

Fagleg og rekstrarleg ábyrgð forvarnardeildar er í höndum slökkviliðsstjóra. Framkvæmd eldvarnareftirlitsskoðana er í höndum eldvarnareftirlitsmanna en á ábyrgð slökkviliðsstjóra og ritar hann undir kröfur og úrbætur vegna eldvarna.

Sá sem sinnir eldvarnareftirliti á að vera löggiltur eldvarnareftirlitsmaður og skal hafa hlotið menntun á því sviði sem Eldvarnareftirlitsmaður I, II og III hjá Brunamálaskólanum eða sambærilega menntun. Sama á við um þann aðila sem er yfir eftirlitinu. Endurmenntun skal vera í samræmi við áætlanir Brunamálaskólans. Eldvarnareftirlitsmaður skal hafa fullgilda menntun í samræmi við reglugerð um Brunamálaskólann og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna nr. 792/2001. Listi um skoðunarskylda staði er í listanum í [viðauka 13.3](#).

Endurmenntun er í samræmi við áætlanir Brunamálaskólans.

Samkvæmt reglugerð um eldvarnir og eldvarnareftirlit nr. 723/2017 skal að lágmarki einn eldvarnareftirlitsmaður í fullu starfi fyrir hverja 10.000 íbúa á starfssvæði slökkviliðsins. Ef íbúar eru færri skal



Brunavarnaráætlun slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar

lágmarksstarfshlutfall eldvarnareftirlits vera í réttu hlutfalli við íbúafjölda. Meta þarf hvort aðstæður og áhættur í sveitarfélaginu krefjist aukins fjölda eldvarnareftirlitsmanna. Fjöldi eldvarnareftirlitsmanna þarf jafnframt að taka mið af þeim áhættum sem eru í sveitarfélaginu. Íbúar á starfssvæði SAH eru u.þ.b. 8.500 og ef miðað er við lágmarkshlutfall eldvarnareftirlitsmanna skv. reglugerðinni þyrfti staða eldvarnareftirlitsmanns að vera u.þ.b. 85%. Vegna umfangs og áhættu á starfssvæði SAH er lágmark að hafa 1 eldvarnareftirlitmann í 100% stöðu hjá slökkviliðinu.

Starfsemin er tvíþætt:

- Eldvarnareftirlit og skoðanir
- Upplýsingar og fræðsla.

Helstu verkefni forvarna eru:

- Ráðgjöf til hönnuða.
- Skoðun teikninga bygginganefndar.
- Úttekt á skoðunarskyldum stöðum skv. reglugerð um eldvarnir og eldvarnareftirlit. nr. 723/2017.
- Umsögn vegna veitinga- og gististaða.
- Sérstakt eftirlit með mannmörgum stöðum, t.d. veitinga- og samkomuhúsum.
- Fræðsla fyrir almenning um eldvarnir.
- Fræðsla í skólum um eldvarnir.
- Slökkviliðsstjóri situr ásamt eldvarnareftirlitsmanni samskiptafundi eftirlitsaðila.

Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri eru eldvarnareftirlitsmenn og hafa lokið námskeiðum I,II,III fyrir eldvarnareftirlitsmenn. Slökkviliðsstjóri hefur lokið námi fyrir slökkviliðsstjóra.

Eldvarnareftirlit er haft með mannvirkjum, lóðum og starfsemi þar sem eldhætta getur skapast og ógnað lífi, heilsu, umhverfi og eignum.

Eftirfarandi mannvirki, lóðir eða starfsemi eru skoðunarskyld af hálfu eldvarnareftirlits slökkviliðs eða eftir atvikum háð eigin eftirliti eiganda:

a. Einu sinni á ári

- Þar sem margir starfa, koma saman, fara um eða dveljast og/eða þar sem hætta er á stórfelldu manntjóni í eldsvoða.
- Þar sem af fyrirhugaðri starfsemi stafar sérstök eldhætta, þar sem hætta er á stórfelldu eignatjóni í eldsvoða eða þar sem eldsvoði getur haft alvarlegar samfélagslegar afleiðingar.
- Allar byggingar í notkunarflokki 4, 5, og 6 skv. ákvæðum byggingareglugerðar.

b. Fjórða hvert ár

- Mikilvægar menningarsögulegar byggingar og mannvirki.
- Annað atvinnuhúsnæði og opinberar byggingar sem slökkviliðsstjóri telur nauðsynlegt að sæti reglubundnu eldvarnareftirliti.



3.3 Útkallsstarf

Fagleg og rekstrarleg ábyrgð á útkallsdeild er í höndum slökkviliðsstjóra. Krafa er að slökkviliðsstjóri hafi starfsréttindi samkvæmt 15. og 17. gr. Laga um brunavarnir nr. 75/2000. Varaslökkviliðsstjóri ber faglega ábyrgð gagnvart slökkviliðsstjóra og er varðstjóri við stjórnun á vettvangi.

Helstu verkefni eru að samhæfa búnað, menntun og þjálfun starfsmanna, þannig að þessir þættir samræmist þörfum liðsins sem og lögum og reglugerðum um brunavarnir hverju sinni í samræmi við þjónustustig. Mat er lagt á einstaka þætti starfseminnar og tillögur um þróun og úrbætur unnar út frá þeim. Tillögur að úrbótum eru lagðar fyrir sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs á Akranesi, þær síðan ræddar í bæjarráði með tilliti til fjárhagsáætlana og til samþykktar og síðan í bæjarstjórn til endanlegrar samþykktar. Í Hvalfjarðarsveit eru tillögur lagðar fyrir sveitarstjórn með tilliti til fjárhagsáætlana og til samþykktar.

Helstu verkefni eru:

- ◆ slökkvistarf.
- ◆ viðbrögð við umhverfisslysum.
- ◆ björgun á fastklemmdu fólki í ökutækjum.
- ◆ mengunarslys.
- ◆ slökkvistarf í skipum.
- ◆ þjálfun og æfingar.
- ◆ dagleg umhirða húsnæðis, bifreiða og búnaðar.
- ◆ björgunar- og slökkvistörf.
- ◆ almannavarnir.
- ◆ viðhald og prófanir á fjarskiptabúnaði.
- ◆ æfingar og þjálfun starfsmanna.

Fagleg og rekstrarleg ábyrgð er í höndum slökkviliðsstjóra. Varaslökkviliðsstjóri ber faglega ábyrgð gagnvart slökkviliðsstjóra.

Heildarfjöldi slökkviliðsmanna er þrjátíu með slökkviliðsstjóra, varaslökkviliðsstjóra, eldvarnareftirlitsmaðnni og fjórum varðstjórum. Allir slökkviliðsmenn fá þjálfun í að leysa sérhvert verkefni sem kemur inn á borð slökkviliðsins í samræmi við menntun, þjálfun og gildandi þjónustustig. Þannig eiga menn að geta gengið í hvaða störf sem upp koma í samræmi við gildandi þjónustustig.

Ekki hafa allir full öku- eða vinnuvélaréttindi til að stjórna tækjum slökkviliðsins og þarf að gera átak í að afla þeirra réttinda.

Slökkviliðið sinnir vatnsöflun, slökkvistarfi utan- og innanhús ásamt reykköfun og minniháttar mengunarslysi s.s. olíuleka, samstarfssamningur er við nágrennaslökkviliðin um gagnkvæma aðstoð.

Í samræmi við gildandi þjónustustig verða a.m.k. 60% slökkviliðsmanna að vera með reykköfunaréttindi.



Brunavarnaráætlun slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar

Í samræmi við gildandi þjónustustig verða a.m.k. 80% slökkviliðsmanna að vera þjálfaðir til að vinna klippuvinnu.

Í samræmi við gildandi þjónustustig verða a.m.k. 100% slökkviliðsmanna að hafa lokið grunnnámi hlutastarfandi slökkviliðsmanna.

Í samræmi við gildandi þjónustustig verða a.m.k. 80% slökkviliðsmanna að vera þjálfaðir til starfa vegna mengunarslysa.

Í samræmi við gildandi þjónustustig verða a.m.k. 60% slökkviliðsmanna að vera þjálfaðir til starfa vegna skipsbruna.

Slökkviliðsmenn hafa ekki fengið þjálfun í slökkvistarfi á flugvöllum (flugvélum) þar sem ekki er viðurkenndur flugvöllur á starfssvæðinu.

Allir slökkviliðsmenn fá þjálfun í að leysa sérhvert verkefni sem kemur inn á borð slökkviliðsins í samræmi við menntun, þjálfun og skilgreind þjónustustig samkvæmt 11. gr. reglugerðar Brunamála-skólans og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna nr. 792/2001 en þar segir m.a.

„Skulu slökkviliðsmenn í hlutastarfi hljóta menntun í samræmi við það þjónustustig sem slökkviliðið veitir samkvæmt brunavarnaáætlun viðkomandi sveitarfélags“.

Þannig eiga menn að geta gengið í þau störf sem upp koma í samræmi við menntun, þjálfun og þjónustustig. Almennar æfingar eru 9 á ári, haldnar fyrsta fimmtudag í mánuði fyrir utan júní, júlí og ágúst. Reykköfunaræfingar eru 7 á ári, haldnar annan fimmtudag í mánuði fyrir utan júní, júlí, ágúst og desember. Æfingar fyrir björgun fastklemmds fólks úr bílum og húsum eru 2, haldnar þriðja fimmtudag í maí og október. Mengunaræfing er 1 og haldin þriðja fimmtudag í apríl. Æfingar eru því 19 á hverju ári. Æfingar eru settar upp þannig að SAH geti uppfyllt framsett þjónustustig. Jafnframt eiga æfingar að uppfylla þær kröfur sem settar eru fram til reglulegra æfinga.

Æfingaráætlun fyrir árið 2022 er að finna í fylgiskjali 1.

Slökkviliðið mun sinna menntun og símenntun starfsmanna í samræmi við kröfur Brunamála-skólans.

3.4 Önnur verkefni

Slökkviliðið sinnir uppdælingu vegna vatnsleka fyrir einstaklinga og fyrirtæki ef þess er óskað.

Slökkviliðið sinnir aðstoð við önnur brunavarnasvæði samkvæmt beiðni viðkomandi slökkviliðsstjóra. Slökkviliðið getur einnig óskað eftir aðstoð frá öðrum slökkviliðum samkvæmt samstarfssamingi milli þeirra.

Það er ávallt mat slökkviliðsstjóra hversu rík aðstoðin er enda kveða skyldur hans á um að rýra ekki eigin viðbragðsgetu.



3.5 Viðvaranir, upplýsingagjöf og viðbragð

Slökkviliðið notar Tetra fjarskiptakerfi Neyðarlínunnar og á þannig samskipti sín á milli og við aðra viðbraðgsaðila. 26 handstöðvar, þar af eru 7 sérstaklega fyrir reykkafera og stjórnendur reykkafera. Einnig eru 2 fastar Tetra stöðvar í bílum liðsins.

Notuð eru fjögur GARMIN leiðsögutæki sem leiðarkerfi á leið í útköll en eru þau komin til ára sinna og nauðsyn að endurnýja þau. Slökkviliðsmenn eru vel staðkunnugir og þekkja vel til þjónustusvæðis en geta leitað aðstoðar til slökkvistöðvar í útköllum.

Upplýsingagjöf til almennings vegna viðvarana er í gegnum almannavarnir á svæðinu og dreift til fjölmiðla og með GSM kerfi í formi skilaboða á þeim svæðum sem hættuástand hefur myndast.

Neyðartilvik sem krefjast slíkra aðgerða eru t.d.:

- ◆ loftmengun vegna stórbruna.
- ◆ flóða.
- ◆ jarðskjálfta.
- ◆ gróðureldar.
- ◆ meiriháttar mengunarslys.
- ◆ eða annarrar náttúruvár.

3.6 Útkallstími

Viðbragðstími SAH flokkast undir útkallsvæði 2 í þéttbýlinu og útkallsvæði 3-4 utan þess. Gerðar verða auknar kröfur um brunavarnir, einkabrunavarnir og eldvarnareftirlit vegna útkallstímans.

Samkvæmt leiðbeiningum skiptist viðbragðstími upp í fjögur tímabelti og flokka.

- Útkallsvæði 1: Svæði þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf innanhúss er komin á vettvang og vinna hafin innan 10 mín. frá útkalli.
- Útkallsvæði 2: Svæði þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf innanhúss er komin á vettvang og vinna hafin innan 15 mín. frá útkalli
- Útkallsvæði 3: Svæði þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf innanhúss er komin á vettvang og vinna hafin innan 20 mín. frá útkalli.
- Útkallsvæði 4: Svæði þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf innanhúss er komin á vettvang eftir meira en 20 mín. frá útkalli.



Brunavarnaráætlun slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar



Mynd 2 Útkallssvæði 2: Þéttbýli á Akranesi ein útkallseining innan við 15 mín.



Mynd 3

Útkallssvæði 3: Utan þéttbýlis ein útkallseining innan 20 mín.

Útkallssvæði 4: Utan þéttbýlis ein útkallseining yfir 20 mín.

Mörk í norður: 35 mín.

Mörk í suður: 40 mín.



Brunavarnaráætlun slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar

Slökkvilið getur gert kröfu á eigendur/umráðamenn mannvirkja sem eru á útkallssvæði 3, 4 og lengra um auknar brunavarnir og eldvarnareftirlit vegna viðbragðatíma.

4 Húsnæði og tækjabúnaður.

Tækjabúnaður slökkviliðsins miðast við leiðbeiningar Húsnæðis- og mannvirkjastofnun um lágmarksbúnað, afskriftir og úreldingu búnaðar slökkviliða nr. 6.065, þar er lagt til að almennur búnaður sé afskrifaður á 10 árum og slökkvibifreiðar á 20 árum.

Búnaðarlisti er gerður árlega þar sem gerð er grein fyrir búnaði og ástandi hans og er listinn sendur til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

Stuðst er við leiðbeiningar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um slökkvistöðvar – plássþörf nr.6.086. Þegar metið er húsnæði slökkviliðs.

4.1 Húsnæði

Slökkvistöð Akraness og Hvalfjarðarsveitar er á Kalmansvöllum 2.

Húsið er byggt árið 1983 (FMR) og er 829,3 m².

Þetta er límtrésbygging með timburásum einangrað og klætt með stáli beggja megin í útveggjum og þaki. Björgunarfélag Akraness deilir byggingunni með slökkviliðinu.

Hlutur slökkvistöðvarinnar í húsinu að Kalmansvöllum er alls um 466,1 m² að flatarmáli. Byggingin skiptist í bíla- og tækjageymslu, skrifstofa og geymsla. Stigahús, samkomusalur, ræsting og salerni eru sameign slökkviliðs og björgunarfélags. Hluti Björgunarfélags í húsinu er 363,2 m²

Sex stórar útkeyrsluhurðir eru á suðurhlíð, einnig er ein innkeyrsluhurð að norðanverðu. Í norðurhlíð í sal eru tvö herbergi, þar eru þrif og þjónusta við reykjöfunarbúnað og þvottaaðstaða fyrir slökkvigalla og annan búnað.

Þröngt er orðið um starfsemi slökkviliðsins á slökkvistöðinni og er brýnt að huga að stækkun á gildistíma brunavarnaáætlunarinnar. Þvottaaðstaða á slökkvistöðinni er ekki í samræmi við nútíma kröfur, búningaástöðu slökkviliðsmanna er verulega ábótavant og baðaðstöðu vantar. Nauðsynlegt er að aðskilja aðstöðu fyrir karla og konur. Nauðsynlegt er að huga að aðskilnaði hreins og óhreins svæðis á slökkvistöðinni vegna krabbameinsvaldandi efna í starfsumhverfi slökkviliðsmanna.

Lokaðir skápar eru í bílageymslu fyrir slökkvigalla og annan hlífðarfatnað sem einnig þjóna hlutverki geymslu undir hreinan fatnað.

Skrifstofa slökkviliðsstjóra og eldvarnareftirlits er á slökkvistöð en engin aðstaða er fyrir stjórnstöð aðgerða á slökkvistöð með tilheyra búnaði eins og tölvu, síma, sjónvörpum og kortaupplýsingum. Neyðarlínan hefur upplýsingar um alla slökkviliðsmenn og einnig sér hún um að kalla út slökkviliðið með SMS skilaboðum.



Brunavarnaráætlun slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar

4.2 Búnaður

Lágmarksbúnaður slökkviliðsins miðast við leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar um lágmarksbúnað, afskriftir og úreldingu búnaðar.

Búnaðarlisti þar sem gerð er grein fyrir búnaði og ástandi hans er sendur Mannvirkjastofnun árlega.

Hlíðarfatnaði og reykköfunartækjum er viðhaldið jafnt og þétt og hann endurnýjaður þegar þess þarf þannig að sá búnaður uppfylli kröfur reglugerða.

Slökkviliðið á 26 Tetrastöðvar, inni í þeirri tölu er tilheyrandi talstöðvarsett fyrir 4 reykafarapör.

Endurnýja þarf a.m.k. 4 gasþétta varnargalla vegna ammóníaks á starfssvæði þess og er ætlunin að þeir komi á gildistíma brunavarnaáætlunarinnar. Nauðsynlegt er að útvega hlífðarfatnað fyrir efnaköfun.

Búnað til vatnsöflunar þarf að endurnýja á gildistíma brunavarnaráætlunarinnar s.s. lausar dælur, slöngur, stúta og greinistykki. Þessum búnaði er viðhaldið jafnt og þétt og hann endurnýjaður þegar þess þarf þannig að búnaðurinn sé nægjanlegur til að fást við áhættunna á starfssvæði slökkviliðsins og hann sé í góðu ástandi.

Forgangsatíði er að útvega 20.000l vatnslaug þannig að tankbíl sé ekki bundinn við dælingu á vettvangi.

Búið er að ganga frá kaupum á nýjum dælubíl og verður hann afhentur í byrjun árs 2024. Sá leysir eldri bíl af hólmi sem hefur þjónað slökkviliðinu frá árinu 1982.

Aldur slökkviliðsbíla þarf að vera undir 20 ár, sbr. leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar um lágmarksbúnað, afskriftir og úreldingu búnaðar slökkviliða. Gera þarf áætlun um endurnýjun á tankbíl sem er af árgerðinni 1991.

Búnaði til björgunar á fastklemmdu fólki er viðhaldið jafnt og þétt og hann endurnýjaður þegar þess þarf þannig að búnaðurinn sé nægjanlegur til að fást við áhættunna á starfssvæði slökkviliðsins og hann sé í góðu ástandi. Lagt er til í framkvæmdaáætlun endurnýjun á búnaðinum árið 2024.

Slökkviliðið hefur í samráði við Olíudreifingu ehf. aðgang að búnaði vegna Olíubirgðastöðvarinnar í Hvalfirði, þar eru 4.000l af froðuvökva og tvær dælur með afkastagetu 3.800 l/mín. Einnig er þar búnaður til að dæla inn á tankana.

Á gildistíma brunavarnaáætlunarinnar verður farið í endurmat á búnaðarþörf vegna Hvalfjarðarganga og aðkomu Vegagerðarinnar sem eiganda/umráðamanns mannvirkisins.

Slökkviliðið hefur aðgang að búnaði Björgunarfélags Akraness samkvæmt samningi m.a. sexhjólí, beltabíl og fleiri tækjum t.d. til að komast með búnað á svæði utan akvega við gróðurelda.



4.3 Æfingasvæði

Æfingasvæði er á svæði sorpmóttökunnar við Höfðasel 16. Á æfingasvæðinu er brunahani. Þar er aðstaða til að æfa björgun fastklemmds fólks, slökkvistarf og viðbrögð við minni olíueldum. Reykköfun er æfð í húsum sem fást til afnota hverju sinni. Slökkviliðið sækir heita reykköfun á æfingasvæði hjá öðrum slökkviliðum. Búið er að taka frá lóð fyrir æfingasvæði slökkviliðsins og er uppbygging á byrjunarreit. Stefnt er að ljúka byggingu svæðisins fyrir lok þessarar brunavarnaráætlunar svo hægt sé að stunda æfingar og kennslu fyrir slökkviliðið og halda námskeið í samvinnu við Brunamáskólann fyrir slökkvilið á Vesturlandi.

5 Slökkvivatn

Á Akranesi eru 114 brunahanar víðsvegar um bæinn með vatnsþrýsting um 3,5 til 4 bar, þeir gefa frá sér 450 l/mín og upp í 3.300 l/mín. Nokkuð góðir brunahanar eru á Grundartanga, Hóli, Tungu og við gatnamót að Galtarholti. Á Grundartanga eru samtals 6 brunahanar fyrir utan þá sem eru innan svæðis, hjá Elkem en þeir eru 6 brunahanar og í Norðurál 12 brunahanar. Þeir eru allir nýjir eða nýlegir og gefa 3.700 -4.300 l/mín með um 4 bar í þrýsting. Ekki er gott að ná upp sjó, bæði vegna erfiðs aðgengis og mikillar hæðar á sjávarbakkanum, því er nauðsynlegt að skoða hvort hægt sé að eiga aðgang að sjókælivatnslögn Norðuráls. Brunahanar við Lambhaga, Melahverfi og á Innnesinu eru ekki eins öflugir.

Við olíubirgðastöðina og olíuhöfnina í Hvalfirði eru brunahanar á nokkrum stöðum, innan girðingar í olíubirgðastöðvunum og niður eftir bryggjunni á Miðsandi. Tvær dælur eru einnig á bryggjunni á Miðsandi sem afkasta 3.800 l/mín hvor. Vatnstankur 3.800 m³ er ofan við stöðina á Miðsandi.

Viðhald brunahana á Akranesi er á vegum Veitna og sjá Veitur um afkastagetu vatnsveitukerfisins. Slökkviliðsstjóri sér um mælingar á afköstum brunahana. Nánari upplýsingar er að finna hjá Veitum.

Viðhald brunahana í Hvalfjarðarsveit er á vegum sveitarfélagsins. Vatnsból í dreifbýli er misjafnt eftir stöðum, allt frá því að ekkert vatn er í námunda við bæi og til þess að gnægð vatns er við bæjardyrnar. Víða er þökkalegt aðgengi að sjó, ám og lækjum. Vatnsöflun er tryggð með tankbíl þannig að allsstaðar í dreifbýli fáist nægt vatn til slökkvistarfa. Nauðsynlegt er að útvega vatnslaug þannig að tankbíl sé ekki bundinn við dælingu á vettvangi.

Við gangnamunna Hvalfjarðagangna er 8000l niðurgrafinn vatnstankur.

Samkomulag er um að leita megi eftir aðstoð bænda með haugsugu í þær aðstæður þar sem þess er þörf og sömuleiðis er samkomulag við verktaka með 24.000l tankbíl á Akranesi um að leita megi eftir aðstoð hans.



6 Sérstakar bruna- eða mengunaráhættur

Taflan hér að neðan er samantekt líkt og lögin kveða á um þ.e. *“halda skrá yfir öll mannvirki og aðra staði þar sem eldsvoði getur valdið sérstakri hættu á manntjóni eða umtalsverðu tjóni á umhverfi eða öðrum verðmætum.”*

Tafla 6.

Olíubirgðarstöð Hvalfirði
Norðurál
Elkem
Hvalfjarðargöng
Sumarbúðir Vatnaskógi
Sumarbúðir Ölver
Sumarhúsabyggðir

Starfsemi sem er einnig undir reglulegu eldvarnaeftirliti:

- ◆ Grunnskólar.
- ◆ Framhaldsskóli.
- ◆ Leikskólar.
- ◆ Dvalarheimilið.
- ◆ Sjúkrahús.
- ◆ Íþróttahús.
- ◆ Gistiheimili.

Óheimilt er að brenna sinu á svæði slökkviliðsins .

Brennusvæði er ekki sérstaklega tilgreint eða önnur takmörkun opins elds. Sækja þarf um leyfi fyrir brennum sem eru yfir 1 rúmmetri að stærð hjá sýslumanni með umsögn frá slökkviliðsstjóra.


Gróðureldar

Á starfsvæði Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar eru 14 sumarhúsasvæði auk minni svæða og stakra sumarhúsa eða um 600 hundruð sumarhús. Mikil þörf er á frekari kortlagingu svæðanna sem verður unnin á árunum 2022 til 2024. Á mörgum stöðum er erfitt með vatnsöflun, vegir lélegir sem ekki bera þung tæki slökkviliðs, skógar mjög þéttir og sambrunahætta mikil. Gera þarf slökkviáætlanir fyrir sumarhúsasvæðin með vatnsöflun og rýmingu í huga. Mikilvægt að tryggja aðkoma slökkviliðs þegar ný sumarhúsahverfi eru skipulögð og þá með vatnsöflun, öruggum flóttaleiðum og hringakstri í huga.



Brunavarnaráætlun slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar

Vatnsverndarsvæði Akraness, brunnsvæði og grannsvæði vatnsbóla innan bæjarmarka eru í Slögu í landi Óss undir vesturhlíð Akrafjalls samkvæmt aðalskipulagi Akraness 2021-2023.




Mynd 4



Brunavarnaráætlun slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar

Vatnsverndarsvæði í Hvalfjarðarsveit samkvæmt aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008 til 2020, vatnsból eru sýnd sem bláir punktar á skipulagsupprætti og þau vatnsból sem eru hnitsett og/eða hafa starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands. Grannsvæði og fjarsvæði vatnsbóla eru í flestum tilfellum sýnd á skipulagsupprætti.



Mynd 5

Slökkviliðið gerir kröfu vegna samfélagslegra áhrifa, eðli starfsemi og lengd viðbragðstíma að starfrækt skulu viðbragðseiningar á vegum Elkem og Norðuráls vegna verksmiðjanna. Nauðsynlegt er að fylgja eftir forsendum byggingarleyfa fyrirtækjanna til þess að tryggja tímanleg fyrstu viðbrögð við eldsvoðum og öðrum atvikum sem slökkvilið þarf að bregðast við.

Olíubirgðarstöð í Hvalfirði er með viðbragðseiningu og hefur til taks tvær dælu og froðubyssu. Gerð er krafa um froðubirgðir og búnað sem dugi fyrir bruna í a.m.k. þró um stærsta tankinn.

Umsvif Faxaflóahafna á starfssvæðinu eru vaxandi og hafa þarf í huga að viðbúnaður slökkviliðsins sé í takt við þá starfsemi sem þarna er á hverjum tíma.



7 Samkomulag og samningar

Samkomulag er til á milli sveitarfélaganna, Akraness og Hvalfjarðarsveitar, um að starfrækja sameiginlegar brunavarnir. Samkvæmt samkomulagi þessu eru slökkviliðsstjóri og eldvarnaeftirlitsmaður í 100% stöðugildum og varaslökkviliðsstjóri í 15,84% stöðugildi.

Slökkviliðið getur óskað aðstoðar frá öðrum brunavarnarsvæðum, til eru skriflegir samstarfs-samningar þar um.

Samningar eru vistaðir á skrifstofu Akraneskaupstaðar.

Samningsbundnir samstarfsaðilar:

- ◆ Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins.
- ◆ Slökkvilið Borgarbyggðar.
- ◆ Slökkvilið Stykkishólms og nágrennis.
- ◆ Slökkvilið Grundarfjarðar.
- ◆ Slökkvilið Snæfellsbæjar
- ◆ Slökkvilið Dalabyggðar.
- ◆ Slökkvilið Reykhólahrepps.
- ◆ Björgunarfélag Akraness.

Samstarfsaðilar í stofnunum sveitarfélaganna:

- ◆ Byggingarfulltrúi Akranesi.
- ◆ Byggingarfulltrúi Hvalfjarðarsveitar.
- ◆ Skrifstofa Akraneskaupstaðar vegna fjármála.
- ◆ Skrifstofa Akraneskaupstaðar.
- ◆ Skrifstofa Hvalfjarðarsveitar.

Samstarfsaðilar eru eftirfarandi:

- ◆ Almannavarnir vegna hlutverks slökkviliða í almannavarnakerfinu.
- ◆ Húsnæðis – og Mannvirkjastofnun vegna brunamála, eldvarnaeftirlits og Brunamálaskólans.
- ◆ Heilbrigðiseftirlit Vesturlands vegna mengunaróhappa.
- ◆ Vinnueftirlit.
- ◆ Héraðsdýralæknir.
- ◆ Umhverfisstofnun.
- ◆ Heilbrigðisstofnun Vesturlands vegna slysa.
- ◆ Lögreglan á Vesturlandi.
- ◆ Slökkvilið, vegna útkalla í önnur brunavarnarsvæði.
- ◆ Neyðarlínan 112, vegna neyðarsvörunar og boðunar.
- ◆ Faxaflóahafnir vegna slökkvistarfs og mengunarmála.
- ◆ Veitur vegna brunahana og vatnsbóla.



Brunavarnaráætlun slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar

- ◆ Vegagerðin vegna hreinsunar vegna umferðaóhappa.
- ◆ Brunavarnir Suðurnesja.
- ◆ Bændur vegna aðgangs að haugsugum.
- ◆ Verktakar vegna aðgangs að tankbílum.



8 Framkvæmdaáætlun

Húsnæði

